

Fyrsti Þáttur – Rokk (Handrit)

Upphaf/Lag	Limbó, Rokk, Twist – Ómar Ragnarsson	17 sek
Texti	<p>Í gegnum tíðina hefur margt í okkar samfélagi og menningu verið litið hornauga. Nýjir menningarstraumar hafa oft á tíðum þótt sýkjandi, valdið stjórnleysi og haft slæm áhrif á ungt fólk, viðtekin gildi og venjur hins siðmenntaða samfélags. Tónlist og nýjir tónlistarstraumar hafa til að mynda staðið í þessu stríði svo áratugum skiptir og má nefna tónlistarstefnur eins og Jazz, Rokk, Rapp og nánast alla kima af þungarokki sem fyrirfinnast.</p> <p>Það sem þessar tónlistarstefnur eiga sameiginlegt er að einhverskonar siðafár hefur brotist út í kjölfar aukinna vinsælda meðal ungmenna um allan heim. Tónlistin hefur þótt siðaspillandi, hvetja til ofbeldis, kynferðislegrar hegðunar, trúleysis og þá hafa menn jafnvel gegnið svo langt að ásaka tónlistarfólk um aðild að sjálfsmorðum eða öðrum glæpum vegna tónlistar þeirra.</p> <p>En hvernig hefur þetta verið á Íslandi og hver voru viðbrögð fólks þegar nýstárleg tónlist fór að hljóma í viðtækjum landsmanna? Siðafár á Íslandi tengdust mjög menningu og list hér áður fyrr, en það má segja að fyrsta hneykslið hafi komið í kjölfar Jazz tónlistar. Þá fór einnig siðafár af stað þegar Kanaútvarpið hóf starfssemi sína og þótti það hafa spillandi áhrif, rétt eins og sú tónlist sem spiluð var á rásinni. En hvenær og hvernig kom Rokkið til Íslands? Jónatan Garðarsson útvarpsmaður er mjög fróður um sögu Íslenskrar tónlistar og segir rokkið hafa komið fyrst í kvikmyndahúsin.</p>	1 mín 27 sek
Jónatan Garðars	<p>INN: (0.19) „Rokkið kemur eiginlega með bíómyndunum, 1956 þá eru sýndar nokkrar bíómyndir sem að eru rokkmyndir.“</p> <p>ÚT: (01.02) „Og rokkið verður eiginlega til á þeim tíma.“</p> <p>INN: (09.45) „Sko almennt tók ungafólkið þessu náttúrulega mjög vel og fannst þetta stórkostlegt og klæddi sig upp eins og það sá í bíómyndunum.“</p> <p>ÚT: (11.25) „Einhverjum örfáum árum eldra.“</p> <p>INN: (11.30) „Þetta fór eiginlega ekki saman.“</p> <p>ÚT: (11.46) „tók afstöðu og fannst jazz vera aðalmálið og þetta svona minniháttar.“</p> <p>INN: (12.00) „Tónlistarmennirnir litu niður á rokkið. Það er alveg á hreinu.“</p> <p>ÚT: (12.22) „töldu að þetta væri frekar ómerkileg tónlist og ekki á veti setjandi og reiknuðu með því að þetta myndi lifa lengi.“</p>	3 mín 1 sek
Lag	Rock Around the clock – Bill Haley and his comets	
Texti	<p>Alþýðublaðið birti grein árið 1957 stuttu eftir að svokölluð rokk kvikmynd hafði verið sýnd í Austurbæjarbíói. Höfundur lýsir hér brostnum vonum sínum á íslenskum ungmennum.</p> <p><i>„Það má segja að ekki hafi þurft að segja unga fólkinu tvisvar að gera hlutina. Það hefur sleppt fram af sér taumnum að erlendri fyrirmynd, hamast og dansað á göngum og senum</i></p>	1mín 33 sek

	<p><i>kvikmyndahúsanna eins og óður skrill, sem ekkert á skylt við þá velmenntuðu og uppöllu æsku sem hingað tilhefur átt að heita eitt af þjóðarstoli okkar Íslendinga. Ég hef oft rætt um það við ýmsa mæta menn áður en sýningar á myndum þessum voru hafnar, hvernig fara myndir hér á landi og kom öllum saman um að hér myndu engin þau skrílslæti höfð í frammi er erlendis höfðu tíðkast í sambandi við myndir þessar, hér væri ekki þekkt það fyrirbrigði er erlendis kallaðist skrill. Reynslan hefur orðið sú að ekki hefur íslensk æska orðið eftirbátur þeirrar æsku er dagblöð Reykjavíkur höfðu áður fordæmt sem illa uppallinn skríl, vegna fréttu þeirra er bærust af hegðan þeirra sem slíkar myndir voru sýndar erlendis. <u>Spurningin verður því aðeins sú: Er skólaæska Reykjavíkur, en hún sækir mest myndir þessar, sá sami skrill og æskufólk, sem breytti um ham við að sjá myndir þessar?</u>“ (Alþýðublaðið 6. Mars, 1957).</i></p>	
Jónatan Gardars	<p>INN: (04.41) „Enn hvað rokkið varðar að þá sko kemur rokkið með þessum bíómyndum og það er skrifað um það í blaðagreinum að það hafi orðið mikil ærsl og læti í bíóhúsunum...“</p> <p>Út: (06.24) „Þetta eru bara svona jazzlög með svona aðeins harðari keim.“</p> <p>INN: (14.37) „Og eins líka þegar að Tony Crombie kom hingað þá þóttu lætin einum of mikil.“</p> <p>Út: (14.51) „Og það eru til blaðaskrif um það þar sem er farið mjög sérkennilegum og skemmtilegum orðum um það hvernig lætin voru.“</p>	1 min 57 sek
Lag	Teach you to Rock – Tony Crombie and his Rockets	
Texti	<p>Í Morgunblaðið þann 3. Maí árið 1957 var skrifað;</p> <p><i>Í FYRRAKVÖLD hélt rokkhljómsveit Tony Crombie hljómleika í Austurbæjarbíói. Þá skeði það, sem komið hefur fyrir í flestum öðrum löndum, en ekki fyrr hér norður á Íslandi, að unglingar voru gripnir hamslausu rokkæði og tóku að dansa rokk af miklum móði í sjálfum bíósalnum í göngunum milli sætaraðanna, og varð af þessu slíkt uppnám og ærsl að lögreglan þusti á vettvang og skipaði rokkfólkinu að fara í sæti sín. En unglíngarnir létu sér ekki segjast og á Snorrabrautinni að loknum hljómleikunum hófst rokkið aftur, á malbikinu þar innan um bílana, í údarigningu einni stundu eftir miðnætti. Þótti mörgum sem miðaldafyrirbrigðið St. Vítusardans væri nú aftur komið í algleyming, og tryllti allan múginn.</i></p> <p>Það er greinilegt að mönnum stóð ekki algerlega á sama þó að engin ofsafengin hræðsla hafi einkennt fréttaskrif á tímum rokksins. Hér vitnar þó höfundur í dansfaraldur frá miðöldum sem gerði mikið fár.</p> <p>Andrea Jónsdóttir, útvarpskona og tónlistarmógúll minnst þess þegar Elvis hljómaði fyrst í útvarpi.</p>	1 mín 25 sek
Andrea Jónsdóttir	<p>INN: (04.50) „Það er náttúrulega búið að vera að hneykslast á þessu alveg bara síðan jazzinn kom sem er náttúrulega miklu fyrr.“</p>	1 min 25 sek

	<p>Út: (05.09) „Þannig þetta hefur alltaf svona, eldri kynslóðirnar hafa alltaf hneykslast á einhverju nýju og orðið hræddar við að æskan væri bara að fara til glötunar.“</p> <p>INN: (07.35) „En það er talið að það verði fyrst til svona unglingamenning uppúr rokkinu þarna 55‘ því að þá fer fólk að kaupa plötur.“</p> <p>Út: (08.28) „Hann hafði alla putta úti til þess að ná í eitthvað nytt og ég held að þetta hafi verið a sunnudögum.“</p> <p>INN: (08.47) „...Sumir vildu láta leggja þennan þátt niður og að útvarpið bara bannaði rokk.“</p> <p>Út: (09.00) „En þó að einhverjir í útvarpinu hafi rispað plötur þá amk lögðu þeir ekki niður rokk þættina.“</p>	
Lag	Heartbreak Hotel - Elvis	
Andrea Jónsdóttir	<p>INN: (0.24) „Það er náttúrulega kannski best skráð hvernig viðbrögð fólks voru strax í Ameríku.“</p> <p>Út: (0.52) „Af því að rokkið í Ameríku, sameinaði hvíta og svarta unglinga og stjórnurnar margar og auðvitað þær fyrstu voru svartar.“</p> <p>INN: (01.31) „Á Íslandi þá er þetta meira þjóðernislegt myndi ég segja, ekki rasískt.“</p> <p>Út: (02.12) „Það er bara talið til dægurlaga nú til dags....“</p>	1 min 9 sek
Lag	Komdu í kvöld – Ragnar Bjarnason	
Texti	<p>En hvað er siðafár? Einföld skýring væri sú að siðafár sé einhverskonar ógn við samfélagið. Þá stökkva svokallaðir siðapostular til og skrifa um aðsteðjandi ógn og hvernig hún komi til með að spilla samfélaginu og ungu fólki. Þá er einnig gripið til ýmissa aðgerða til að koma í veg fyrir spillinguna, með skrifum, boðum og bönnum.</p> <p>Þorsteinn Eggertsson textahöfundur, ólst upp í Keflavík og upplifði tíma rokksins í návíst Kanaútvarpsins.</p>	33 sek
Þorsteinn Eggertsson	<p>INN: (01.50) „R: hvernig voru viðbrögð fólks þegar það fór að heyra rokk fyrst? S:Þau voru miklu skárri hérna heldur en í Bandaríkjunum.“</p> <p>Út: (02.21) „Þetta væri bara syndsamleg músík, í rauninni.“</p> <p>INN: (02.27) „Dansinn var svolítið svona, jah hvað getur maður sagt, hann virkaði svolítið dónalegur að sjá.“</p> <p>Út: (03.10) „Og þegar hann heyrði þessi ósköp, þá fékk hann bara hjartaáfall og dó. Segir sagan.“</p>	1 min 14 sek
Lag	Hound dog - Elvis	
Þorsteinn Eggertsson	<p>INN: (04.55) „R: Svona til að byrja með fékk rokkið einhverja spilun í útvarpi? S: Nei! R:hvers vegna var það?“</p>	1 min 48 sek

	<p>Út: (06.04) „Og þetta þótti ekki flott að spila dægurlög mikið í útvarpi, það voru kannski hafðir svona einn eða tveir þættir í viku og þeir máttu ekki fara yfir klukku tíma (hlær).“</p> <p>INN: (06.06) „Það þótti alltof mikið. (Og) það var mikið spilað af því sem var kallað klassísk tónlist.“</p> <p>Út: (06.45) „En þetta þótti mjög fínt. Spila ættjarðarlög, það er alltaf spilað ættjarðarlag, síðasta lag fyrir fréttir. Ég held að það sé meira að segja gert enn þann dag í dag.“</p>	
Lag	Þrek og tár – Erla Þorsteinsdóttir og Haukur Morthens	
Texti	<p>Á því herrans ári 2004, birtist grein í morgunblaðinu með vangaveltum Péturs Péturssonar útvarpsþuls um Kanaútvarpið og dagskránnu sem spiluð var þar á sínum tíma;</p> <p><i>“Íslenskir unglingar hlustuðu á bandaríska útvarpið á öllum tímum sólarhringsins og drukku í sig dægurlög, sem útvarpað var látlaust. Á sama tíma hrakaði móðurmálskunnáttu og þekkingu íslenskra ungmenna á öllu því sem íslenskt þjóðlíf varðaði.” (Pétur Pétursson útvarpsþulur, 2004. Morgublaðið)</i></p> <p>Móðurmáli og íslensku þjóðlífi stafaði hættu af þessum menningarfjandsamlega og siðaspillandi sora, eins og þingmaðurinn Jónas Árnason kallaði dagskrá Kanaútvarpsins. En hvað var til bragðs að taka nú þegar íslenskir tónlistarmenn vildu vera þátttakendur í þessu framandi fyrirbæri sem rokkið var. Jú það var að banna tónlistina!</p>	1 mín
Jónatan Gardarsson	<p>INN:(01.03) „Erla Þorsteinsdóttir söngkona sem að bjó úti í Danmörku og söng inn á plötu fyrir Fálkann.“</p> <p>Út:(03.21) „Og þetta verður til þess að lagið fæst ekki spilað og Fálkinn selur fyrsta upplagið strax og síðan skömmu síðar kemur nýtt upplag og það er auglýst – platan sem ekki fæst spiluð í útvarpinu er komin aftur (hlær).“</p>	2 min 18 sek
Lag	Vagg og Velta – Erla Þorsteinsdóttir	
Jónatan Gardarsson	<p>INN: (03.40) „Allt á floti allstaðar var bannað líka.“</p> <p>Út: (04.00) „Það fékkst ekki spilað í útvarpi.“</p> <p>INN: (04.04) „Og textinn sko, honum var reyndar breytt, það er textinn – Stína var lítil stúlka í sveit...“</p> <p>Út: (04.40) „Það gerir þetta enginn í dag.“</p>	56 sek
Lag	Allt á floti – Skapti Ólafsson	
Þorsteinn Eggertsson	<p>INN:(00.05) „Það var hérna einhverntíman lag sem að Karl Sighvatsson var skrifaður fyrir, lag sem að reyndar Richard Wagner samdi, pílagramakórinn eftir Wagner.“</p> <p>Út: (01.14) „Þetta þykja vera einhverskonar helgispjöll en það fer svolítið eftir því hver er dagskrástjóri tónlistar í útvarpinu.“</p> <p>INN - ÚT: (01.16 – 01.22) „Þetta hefur verið svona í kringum 1970, 69 kom þetta lag út.“</p>	2 min 10 sek

	<p><u>INN: (01.27)</u> „Mig minnir að lag sem Engilbert Jensen söng með hljómmum og heitir, að kvöldi dags hafi líka verið bannað.“</p> <p><u>Út: (02.22)</u> „Ekki vegna þess að lagið væri lélegt, þeir sem voru að vinna þarna voru bara orðnir leiðir á þessu og voru búnir að fá nóg.“</p>	
Lag	Ég vild' ég væri – Svavar Lárusson	
Texti	Lög voru bönnuð og plötur skemmdar. Eitthvað rokk rataði vissulega í útsendingu hjá Ríkisútvarpinu sem taldi sig hafði ákveðið uppeldishlutverk gagnvart þjóðinni. Það er nokkuð ljóst að rokkið hneykslaði. En svo virðist vera að rokk siðafárið, ef svo skyldi kalla, var ögn mildara á Íslandi en annarsstaðar í heiminum. En hvernig var þetta með næstu kynslóðir? Í næsta þætti verður fjallað um þungarokk og siðafár á Íslandi.	30 sek
Endir/Lag	Limbó, Rókk, Twist – Ómar Ragnarsson	17 sek